

ÁRSRIT
SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1930—1932



REYKJAVÍK 1933

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

ARNARHVOLL — REYKJAVÍK

Bankinn tekur á móti fé til ávöstunar.

í sparisjóð.

á innlánskírteini.

í hláuparefning.

GREIÐIR HASTU VÖXTU.

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1930-1932



REYKJAVÍK 1933

Skógræktarfélagið.

Erindi Sig. Sigurðarsonar, búnaðarmálastjóra á aðalfundi

félagsins 6. nóv. 1932

Skógræktarfélag Íslands var stofnað á Þingvöllum 1930. Tilgangur þess er að stuðla að því að klæða landið á ný trjágróðri.

Saga skóganna hér á landi, sem víða annarsstaðar, er ein raunasaga. Á landnáms tíð var landið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. En skógarnir hafa eyðst. Þeir hafa óspart verið notaðir, sem efniviður í byggingar og ýmiskonar húsáhöld. Þá og til eldsneytis og kola-gerðar. Til þess hafa farið feiknin öll af trjám í landi voru, sem er snautt af öðru eldsneyti. Svo hefir búfé gengið í skógunum, í hörðum vetrum hefir það aðallega sótt þangað lífsviðurværi sitt. Skógarnir hafa verið notaðir og höggurnir hlífðarlaust, því fór sem fór, þeir gengu til þurðar og hurfu að mestu á miðöldunum.

Menn sáu hverju fram fór, en ekkert var að gert. Fyrst á 18. öld var mönnum ljóst að eigi mátti við svo búið stunda. Þá var það danska stjórnin, sem stuðlaði að því, að tilraunir með trjárækt hófust á Íslandi. Árið 1764 veitti hún Jóni nokkrum Grímssyni 80 ríkisdala styrk árlega í 4 ár, til að gera tilraunir með trjárækt á Íslandi, og eftir þetta er hún smátt og smátt að senda trjáfræ hingað til lands. Trjáfræ þetta var af ýmsum tegundum, stundum af eplum, baunatrjám o. fl.

Flestar þessar tilraunir báru lítinn árangur. Stjórnin kendi því um að þær væru gerðar í of smáum stíl.

Árið 1800 sendi hún bréf til stiftamtmanns og lagði til að Sandey í Þingvallavatni yrði tekin til skógræktar. Af því varð þó eigi. Ýmsir gerðu tilraunir með trjárækt á 18. öldinni, t.d. hinn þekkti garðyrkjufrómuður Björn Halldórsson í Sauðlauksdal o. fl., en tilraunirnar báru eigi æskilegan árangur. Fyrst á 19. öldinni kom hreyfing á þetta. Þá komu þeir Skriðufeðgar (á Skriðu í Hörgárdal) til sögunnar, Þorlákur Hallgrímsson og Jón og Bjarni Kjærnested, synir Þorláks bónda. Þeir feðgar kepptust að ala upp tré, björk og reyni. Þau tré er þeir hafa gróðursett standa mörg enn þann dag í dag, á Skriðu, Fornhaga og Lóni í Hörgárdal, í Laufási og á Akureyri.

Með tilraunum Skriðufeðga var sannað að hægt væri að gróðursetja tré hér á landi. En nú leið nær heil öld án þess að nokkuð væri aðhafst. Framkvæmdir og trú vantaði.

Árið 1899 var trjáræktarstöðin á Akureyri sett á stofn. Akureyrarbær gaf land og girðingu, en amtsráðið styrkti til starfrækslu. Aðal hvatamenn þessa fyrirtækis voru þeir Páll amtmaður Briem og Stefán Stefánsson skólameistari. Eg var ráðinn umsjónarmaður stöðvarinnar, eftir að ég hafði kynt mér skógrækt í Noregi, með stuðningi nefndra manna.

Tilgangur stöðvarinnar á Akureyri var að gera tilraunir með að sá trjáfræi, sem fengið væri frá stöðum, þar sem loftslag og jarðvegur væri sem líkast því, sem hér er, og ala upp trjáplöntur, sem síðar væri hægt að selja til þeirra er þess óskuðu. Þetta hefir heppnast vel og borið góðan árangur, sem síðar mun skýrt verða.

Sama ár og trjáræktarstöðin á Akureyri tók til starfa, byrjuðu tilraunir skógræktarinnar hér á landi. Þær voru gerðar fyrir áeggjan dansks manns, kapteins C. Ryder, sem hafði sér til ráðuneytis prófessor í skógrækt við Landbúnaðarháskólann danska, Prytz. Tilraunir þeirra byrjuðu með trjáræktarstöðvunum á Þingvöllum 1899,

Grund í Eyjafirði 1901, í Fnjóskárdal 1901 og við Rauðavatn við Reykjavík 1903. Á öllum þessum stöðum og fleiri voru gróðursettar trjáplöntur er fluttar voru frá Danmörku. Tilraunir þessar voru að nokkru gerðar með útlendum féggjöfum, sem kapt. Ryder safnaði, mest dönskum. Enda voru tilraunirnar gerðar eftir leiðbeiningum danskra fræðimanna í þessum efnum.

Þessar tilraunir urðu til þess að ríkisstjórnin tók að sér skóggræðsluna og réði sérfræðing, Kofoed-Hansen, til að hafa á hendi stjórn þeirra mála. Á fjárlögum hefir síðan staðið nokkur upphæð, sem verja skal til skóggræðslu.

En nú spyrja menn, hver er árangurinn af öllu þessu starfi, er von um að hægt sé að klæða landið á ný?

Í trjáræktarstöðinni á Akureyri vaxa nú allmargar trjá- og runnategundir, svo sem björk, 6,5 metra há, reynir 8 m, greni 5 m, lerkitré 7 metra. Auk þessa fura og margar runnategundir. Árangurinn hér er því hinn glæsilegasti, betri en hinir bjartsýnustu menn höfðu gert sér vonir um. En þess ber að gæta að trjáræktarstöðin á Akureyri hefir notið hinnar beztu aðhlynningar, sérstaklega meðan starfskrafta Jóns Stefánssonar naut við, sem þekkti hvert tré og hlynnti að því eftir þörfum,

Í spor trjáræktarstöðvarinnar hefir verið farið á mörgum öðrum stöðum. Má þar til nefna trjáræktarstöðina á Núpi í Dýrafirði, sem nefnist Skrúður, þar sem margar trjá- og runnategundir þrífast ágætlega, enda notið hinnar beztu aðhlynningar. Á fjölda bæja í Eyjafirði og á Norður- og Vesturlandi og Austurlandi eru nú gróðursettir fagrir trjáreitir.

Sérstætt í sinni röð er Múlakot í Fljótshlíð, svo og mörg býli á Suðurlandi. Um það mun eigi fjölyrt að sinni.

Hvað skóggræðslu ríkisins viðvíkur, þá hefir hún og borið prýðilegan árangur. Trén á Þingvöllum, Grund, Rauðavatni og víðar voru tekin úr dönskum jarðvegi

og loftslagi og flutt í óræktaðan íslenzkan jarðveg og hráslagalegt loftslag. Margur mundi ætla, að þessi viðbrigði væru svo mikil, að það myndi ríða trjánunum að fullu, þau deyja. Nei, mörg ár hafa þau lifað milli vonar og ótta, allmörg dáið, en mörg lifað, sem nú síðustu árin eru farin að vaxa á eðlilegan hátt. Þetta gefur miklar vonir um hverjir möguleikar séu hér fyrir höndum með trjárækt, sé rétt að farið.

Þá hefir skógræktin mikið unnið að því að vernda hinar fornu skógarleifar. Það hafa verið girt fjöldamörg skógasvæði og unnið, að því að grisja og rækta skóginn. Þetta hefir borið góðan árangur og fyrir þessa aðhlyningu hafa mörg skógasvæði gjörbreytt síðan um aldamót.

Heildarútkoman af því starfi, sem gert hefir verið á þessari öld til að varðveita skógaleifar og rækta skóg, er þessi: Það er auðvelt að vernda skógaleifar með friðun og grisjun, það er hægt að ala hér upp og gróðursetja tré af fleiri tegundum en menn höfðu gert sér vonir um, skilyrði til trjáræktar eru hér betri en ætla mætti. Nokkrir tala um, að skilyrði til trjágróðurs séu betri á Akureyri en hér sunnanlands. Þetta er misskilningur, það sýna trén í Múlakoti og á fleiri stöðum. Þorvaldur Thoroddsen gróðursetti hér í Reykjavík tvö tré. Það eru hlynur og álmur. Þau hafa þrífist ágætlega, en eiga erfitt uppdráttar á Norðurlandi. Síðustu tilraunir með trjárækt hér í Reykjavík sýna, að mörg tré þrífast hér vel. Að mistök hafi orðið í fyrstu er afsakanlegt.

Með hliðsjón af þeirri reynslu og tilraunum, sem fengist hafði um möguleika fyrir trjágróðri hér á landi og vissu um það að hægt væri að klæða landið á ný, þá afreðu stofnendur Skógræktarfélagsins að hefjast handa um það að gera tilraun með það að stofna allsherjafélag, sem ynni að því að klæða landið á ný. Við hvert býli, við hvert hús á landinu eiga að vaxa tré og runnar. Það á að vernda skógaleifarnar og í skjóli þeirra á

að gróðursetja nýja skóga, og á nýjum svæðum þar sem skilyrði eru til að gróðursetja tré, mynda sýnisreiti, sem geti orðið öðrum til uppörfunar. Þetta verkefni er sérstaklega ætlað ungmennafélögunum og kvenfélögunum.

Félagið vill sjálft koma upp trjáreit, þar sem aldar verði upp góðar og þroskamiklar trjáplöntur, sem menn geti fengið til gróðursetningar.

Með þessari hugsjón var stofnfundur Skógræktarfélagsins haldinn á Þingvöllum á Alþingishátíðinni 1930. Hann var fremur fámennur, fámennari en vænta hefði mátt, þegar um þjóðþrifamál var að ræða, sem að markmiði hefir að klæða landið á ný, til minningar um 1000 ára afmæli Alþingis.

Um 300 menn gerðust félagar, 2/3 þeirra hafa greitt hin lofuðu tillög til félagsins. En félaginu hefir verið veittur stuðningur, því hafa verið veittar gjafir er nema kr. 1882.00 og ríkisstjórnin hefir veitt því á yfirstandandi ári 5000 kr.

Á Þingvöllum var félagið stofnað og kosin stjórn þess.

Hana skipa:

Sigurður Sigurðsson, búnaðarmálastj. form.

Maggi Júl. Magnús, læknir.

Einar Árnason, fyrv. ráðherra.

H. J. Hólmjárn, framkvæmdastjóri.

Jón Ólafsson, alþingismaður.

Stjórnin sótti um til ríkisstjórnarinnar að fá land á Reykjatorfunni í Ölfusi til að setja þar trjáreit. Á því voru ýms vandkvæði. Þá snéri stjórnin sér til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Hún hefir gefið félaginu um 9 ha. af landi í Fossvogi. Það land liggur ágætlega fyrir trjáreit. Nú er búið að girða landið og að nokkru að undirbúa það fyrir trjáreit, þar sem ætlast er til að tilraunir hefjist á næsta ári. Félagið væntir að fá í þjónustu sína hinn eina mann, sem til fullnustu hefir num-

ið skógræktarnám, Hákon Bjarnason, og er honum ætlað að sjá um allar framkvæmdir félagsins.

Vér erum þess fullvissir að Skógræktarfélag Íslands hefir mikið verkefni fyrir höndum. Það er enn sem ómálga barn, en á eftir að þroskast og dafna til blessunar fyrir land og lýð. Vér væntum að allir góðir menn vilji styðja verkefni þess.

Fjárhagur og framtíðarstarfsemi Skógræktarfélags Íslands.

Þegar ákveðið var, að ráðast í að stofna félagið þúsund ára hátíð alþingis 1930, þá lá þar á bak við - auk annars - sú hugsun, að þjóðin setti sér markmið, sem samboðið væri svo einstakri minningarhátíð. Og hvað gat verið þeirri minningarhátíð samboðnara en að þjóðin tæki höndum saman um að bæta ættjörðinni það tjón, bæði að útliti og gæðum, sem hún hafði orðið fyrir á undanförunum 1000 árum með eyðingu skóganna. Markmiðið var hátíðinni samboðið, en þjóðin á eftir að sýna, hversu henni tekst að ná markinu. Hvern skilning, áhuga og þrautseigju hún á til þess að framkvæma svo stórfelt starf. Um áratugi og aldaraðir má hún aldrei missa sjónar á takmarkinu: að klæða landið á ný,

Þó vér ekki hugsum oss, að það verði aftur „viði vaxið milli fjalls og fjöru“, þá er þó markið, að hver bær eigi sinn trjágarð til gagns og gleði, til skjóls fyrir aðra garðrækt og gleði fyrir landsins börn; að hver jörð eigi sitt skógland, svo stórt sem henta þykir, og að skógarnir nái þeim þroska, sem mögulegur er eftir staðháttum og hnattstöðu landsins. Kynslóð fram af kynslóð verður að leggja hér hönd að verki og láta nokkuð eftir sig liggja, unz markinu er náð .

Því miður verður ekki sagt, að undirtektirnar hjá þjóðinni eða skilningur á tilgangi félagsins hafi verið eins góður og æskilegt hefði verið og málefnið átti skilið. Hinu verður því miður heldur ekki neitað, að þeim á-

rangri, sem náðist í fyrstu atlögu, var ekki fylgt nægilega vel eftir. Fyrsti undirbúningur var sá, að sendar voru út um landið skrár til að safna á meðlimum og styrktarmönnum. Þessar skrár voru sendar ýmsum helztu mönnum og félögum um land allt. Af þessum skráum hafa aðeins um 50 borist stjórn félagsins aftur með um 350 nöfnum, en af þeim hafa nær 150 látið standa við undirskriftina eina og hinum gengur illa að halda saman, svo heimturnar vilja verða misjafnar. En þetta eru aðeins byrjunarörðugleikar. Félagið er til og það deyr ekki. Það getur ekki dáið. Þjóðin verður að gera sér það ljóst, að hún á engan tilverumöguleika annarsstaðar en á þessu landi og ef hún vill halda áfram að vera sérstök þjóð, þá verður hún að búa um sig hér, svo sem skilyrði og landkostir leyfa. Hver sá félagsskapur, sem miðar að því, að gera þetta land betra og byggilegra, á þess vegna kröfu á því, að njóta styrktar hvers hugsandi manns, og getur ekki niður fallið, hversu erfiðlega sem blæs, meðan nokkur manndóms- og sjálfstæðisneisti lifir með þjóðinni.

Það er ekki vafa bundið, að erfiðleikarnir nú eru miklir, en það er ætíð hætt við, að þeir vaxi í augum þeirra manna, sem fyrir þeim verða á hverjum tíma, svo að menn haldi, að slíka erfiðleika hafi þjóðin aldrei fyrr átt við að stríða, Það verður ekki úr því skorið, hvenær erfiðleikarnir hafa verið mestir, en ég verð að segja, að þeir menn eru ekki vel að sér í Íslandssögu, sem svo virðist, að hinn íslenzki himinn hafi aldrei verið þungbúnari en nú eða framtíðarhorfurnar verri. Erfiðleikarnir eru til þess að sigrast á þeim, og þó erfiðleikar landbúnaðarins nú séu miklir og sízt ástæða til þess að gera lítið úr þeim, þá eru þeir engan veginn slíkir, að ástæða sé til að láta hugfallast eða glepja fyrir sér umhugsunina um það, hversu sé hægt að búa í haginn fyrir framtíðina.

Eg hefi þá í ýmsum atriðum drepíð á, hvaða starf sé

fyrir höndum á verksviði Skógræktarfélagsins. Auðséð er, að verkið er mikið, en hversu það leysist af hendi, er mjög komið undir því, hversu félaginu tekst að sameina starfskrafta þjóðarinnar og hagnýta þá og þann styrk, sem þeir leggja félaginu.

Það sem fyrst liggur fyrir eru ýms undirbúningsstörf, er kosta töluvert fé, án þess að sýnilegur árangur sjáist út um byggðir landsins fyrst í stað. Þessi undirbúningur undir aðalstarfið er þegar vel á veg kominn, því Reykjavíkurbær vékst vel og drengilega undir fyrstu og brýnustu þörf félagsins, þá að fá hentugt land undir tilrauna- og trjáræktarstöð, með því að láta félaginu í té endurgjaldslaut það bezta land, sem hann átti völ á og á góðum stað. Er landið um 9 ha. eða 30 dagsl. að stærð í Fossvogi, austanvert við Hafnarfjarðarveginn. Hallar því móti suðri og suðvestri. Eru um 6 ha. af þessu landi í fullri rækt. Hitt hefur nú verið brotið og undirbúið til sáningar eða ræktunar. Allt landið var á síðastliðnu hausti girt vandaðri en íburðarlausri girðingu (vínnet á járn- og tréstólpum) með vönduðu hliði út að aðalbrautinni. Þessi fyrsti undirbúningur á landinu kostar 4500-5000 kr. og má af því sjá, að félagið þarf allan þann fjárstyrk og stuðning, sem unnt er að veita því, til þess að geta starfað svo um muni.

Það sem því liggur fyrst fyrir er að koma þessari trjáræktar- og tilraunastöð svo á laggirnar, að hún geti orðið sú miðstöð trjáræktarinnar í landinu, sem til er ætlast, og býst ég ekki við, að félagið geti ráðist í meira eða haft neinar verulegar framkvæmdir aðrar með höndum fyrstu árin, nema því öflugri stuðningur fái.

Reikningar félagsins eins og þeir voru á síðasta aðalfundi eru birtir á öðrum stað í ritinu og má þar sjá nánar fjárhag félagsins og hvernig fénu hefur verið varið. Eins og geta má nærri er fjárhagur svo ungs félagsskapar enn þröngur. Fjárhagurinn er enn þröngri, þegar lítið

er á, hvað tilgangur og markmið félagsins er stórt og víðfeðmt.

Leggið því Skógræktarfélagi Íslands lið með því að gerast félagar og fá aðra til þess. Árstíllagið - 5 kr. - er ekki stærra en svo, að flestir eða allir, sem á annað borð vilja, geta af þeim peningum séð.

M. Júl. Magnús.

Skógræktarmál.

Það er vani manna að kenna ávalt einhverju öðru um en sjálfum sér, þegar eitthvað fer aflaga. Þess vegna hefur íslenskum náttúruskilyrðum verið kent um miklu meiri skógaskemdir, heldur en þau eiga sök á.

Íslenzku birkiskógarnir eyddust þegar snemma á öldum, að miklum mun fyrir rányrkju mannanna. Fjárbættin var aðalorsök þess, að þeir gátu ekki yngt sig upp að nýju. Óblíða veðurlagsins átti ekki nærri því eins mikinn þátt í afturför skóganna eins og almennt er haldið.

Athugull maður getur fljótt gengið úr skugga um, hverju sök búfénaður og búalið eiga á skógaskemmdum. Verði manni reikað um þau sárafáu friðuðu skógasvæði, sem til eru á þessu landi, og litið á þær melskellur, sem notið hafa nokkurra ára friðunar, sést strax að í þeim úir og grúir af birkinýgræðingi. Hvarvetna þar, sem holur koma í grasvörðinn, þýtur nýgræðlingurinn upp, og náttúran skryðist nýjum klæðum á fáum árum. Í nánd við alla skógabletti landsins getur að líta urmúl af ungviði á hverju vori. Og langt fram eftir sumri eru þessar litlu plöntur að teygja sig á móti ljósi og yl. En tennur búfjárins verða þeim flestum að aldurtila. Þær, sem hjara næsta vetur af, láta líf sitt að vori, og það er hending ein, ef nýtt tré, nær að bætast í hóp þeirra gömlu.

Ef Ísland legðist í eyði er enginn vafi á því, að það myndi gróa upp að nýju og skógur breiðast út milli fjalls og fjöru.

Úr því að náttúran er svo fús á að klæða landið, ætti það ekki að ganga ver, ef mennirnir hjálpuðu til.

En aldur trjáanna er langur í samanburði við mannsæfina og hún er ekki nema lítið augnablik í lífi skóganna. Þess vegna er ræktun nýrra skóga þolinmæðisverk, sem krefst stöðugrar vinnu og atorku, uns hinir nýju skógateigar verða sjálfbjarga. Þær kynslóðir, sem byrja skógrækt, njóta sjaldan ávaxtanna, en þær vinna næstu kynslóðum ómetanlegt gagn.

Ef við lítum t. d. á stefnu Svía í skógræktarmálum, þá veita þeir svo mikið fé til þess að yngja upp skógana í Norrlandi, að búist er við, að það muni ekki um langan aldur svara sæmilegri rentu. En einn af þeirra merkismönnum hefur mælt á þá leið, að þessu fé væri betur varið, heldur en þó allar ríkisskuldarnar væru borgaðar með því. Því þótt næstu kynslóðir væru skuldlausar við útlönd, stæðu þær með tvær hendur tómar, ef skógarnir væru horfnir úr þessum héruðum.

Þessu lík þyrfti stefna okkar að verða í skógræktarmálum. Hingað til hefur hún verið mjög óákveðin, og það, sem gert hefur verið eitt árið, hefur oft fallið í kaldakol á þeim næstu, aðallega vegna peningaleysis. Og á þann hátt hefir stórfé verið fleygt í sjóinn.

En víð Íslendingar verðum að fást við skógrækt og skóggræðslu af þeim ástæðum, sem nú skal greina. Það þarf að hefta uppblástur landsins og sporna við mold og sandfoki. Þá verður að reyna að framleiða svolítið af viði í landinu sjálfu til minniháttar smíða og eldiviðar. Trjágarðar eiga að rísa upp við hús og bæi, svo heimilin verði vistlegri og hlýlegri. Og loks verður að bæta fyrir syndir forfeðranna og hefja ræktun landsins í stað rányrkju fyrri alda.

Til þess að „klæða landið“ höfum við íslenzku birki- og reynitrén ásamt gulvíðiskjarrinu, en það er víst, að við getum bætt fleiri trjategundum í hópinn. Fjallafuran

lifir hér sæmilegu lífi, þó hún sé hægfara fyrstu árin. Og síberískt lerki nær sumstaðar sæmilegum þroska.

En heimurinn er svo stór, að margar eru þær trjátegundir, sem hafa aldrei til landsins komið. Og margar þeirra mynda skóga við verri skilyrði en á Íslandi eru. Það er ekki rúm til þess að fara nánar út í það hér, en ég vil aðeins nefna nokkrar tegundir. Á Kurileyjum, sem liggja norður af Japan, vex lerkitré, (*Larix kurilensis*), og sennilegt er, að það sé miklu heppilegra fyrir Ísland, en síberíska lerkíð. Þar vex líka einhver sú harðgerðasta grenitegund, sem til er. Það er vert að geta þess, að loftslag hinna nyrðri Kurileyja er miklum mun kaldara en á Íslandi, en þær eru af svipuðum uppruna og álíka gamlar. Svíi einn, sem ferðast hefur víða um heim, hefur mælt svo um, að landslag Kurileyja sé svipað því, sem hann hafi séð við Mývatn á Íslandi. Á Koreu er einnig óblítt veðurfar, en þar vex hið þrautseiga Koreulerki (*L. koreënsis*). Ef við siglum yfir Kyrrahafið í norðaustur átt frá Kurileyjum, lendum við á suðurströnd Alaska, sem einnig er mynduð af basaltgosum, og þar er loftslagið víða alveg eins og á Íslandi. Þar eru vænir sitka- og hvítgrenískógar og ýmsar aðrar trjátegundir þrífast þar líka, sem vænlegt gæti orðið að rækta hér.

Sé unt að fá fræ frá þeim slóðum, er svipar til Íslands að veðurfari og jarðvegi, þá aukast framtíðarmöguleikar íslenzkrar skógræktar að miklum mun.

Skógræktin og skógræðslan á Íslandi á, að því er mér virðist, mikla framtíð fyrir sér. En það þarf brátt að hefjast handa og gera það sem unt er, til þess að skriður komi á málið og það komist í gott horf.

En það gegnir sama máli hér sem annarsstaðar, að skógræktin verður að hvíla á samvinnu og samhug heillar þjóðar. Og eigi hún að heppnast, verður líka að sýna þolinmæði og þrautseigju við starfið. Fari þetta saman í skógræktarmálum okkar, eru þau vænleg til sigurs og til þess að verða landi og lýð til farsældar.

Hákon Bjarnason.

Bæjarstaðaskógur.

(Brot úr ferðasögu).

Eftir Ásgeir L. Jónsson vatnsvirkjafræðing.

... „glæddu vel þann neista,
sem liggur innst“.

Í Öræfum á Íslandi! Hörð skel, vel má hún reynast.

Það er andlega dauður maður, sem eigi fer síðasta áfangann með nokkurri eftirvæntingu, sé hann á leið til Öræfa í fyrsta sinn.

Öræfasveitin (Hofshreppur í Austur-Skaftafellssýslu) er nafnkunn, ekki einungis hér innanlands, heldur og víðsvegar út um heim, sem ein hin sérkennilegasta og stórfenglegasta sveit á Íslandi.

Í vestri Skeiðarársandur með Núpsvötnum og Skeiðará, í suðaustri hafnlaus ströndin, í austri Breiðamerkursandur með Jökulsá, og í norðri Vatnajökull, sem réttir Öræfajökul fram eins og kreftan hnefa, en skógivaxin fell, grjótskriður og hamrabelti kreistast út á milli skriðjökulsfingranna. Handtakið er ómjúkt, og jökulkvíslar með grjótkasti þjóta sem örvar af hverjum fingri. En þegar Vatnajökull reiðist alvarlega, en það skeður venjulega á 10 ára fresti, þá notar hann Skeiðarárjökul fyrir skotvopn og skýtur fram vatnsflóði með risavöxnum jakaburði, er þekur allan Skeiðarársand, svo að hann verður ófær yfirferðar, jafnvel vikum saman.

Úr Öræfum til næstu byggða, hvort sem er til austurs eða vesturs, er því nær hálf dagleið, þegar vel lætur, en getur líka reynst fullströng dagleið, ef svo vill verkast.

Það liggur ekki fjarri að ætla, að það muni eigi vera örkvísa líf, er nær að þroskast í þessum jötunheimi. Svo mun það og vera.

Öræfin eru að vissu leyti konungsríki, og konungsríki út af fyrir sig. Íbúarnir eru um 200, en býlin 27. Liggja þau yfirleitt 3-8 saman og mynda þannig smáþorp. En á hverjum bæ ríkir „konungshjarta og drotningarlund“, enda eru Öræfingar höfðingjar heim að sækja, og kemur það sér vel, því oft koma ferðamenn, úr austri eða vestri, sem margs eru þurfandi.

Naumast hefir gesturinn setið 10 mínútur í stofunni,



Bæjarstaðarskógur í baksýn.

Þegar borðið er alþakið kjarnmiklum og vel tilbúnum sveitamat. Eru aðrar viðtökur að sama skapi; og ekki þarf að óttast myrkur eða kulda, því að flestir bærir í Öræfum eru hitaðir og lýstir með rafmagni.

Við vorum fjórir saman, síðastliðið haust, er komum austan yfir Breiðamerkursand, og héldum að Skaftafelli um kvöldið.

Skaftafell er fell eitt mikið, er gengur til suðvesturs, fram á milli Morsársjökuls og Skaftafellsjökuls, gegnt upptökum Skeiðarár (þar sem hún kemur undan Skeiðarárjökli). Sunnan í fellinu standa Skaftafellsbæirnir, þrír að tölu, í 200 m. hæð yfir sjávarflöt. Sést þaðan yfir meginhluta sveitarinnar, svo og Skeiðarársand og Ingólfshöfða, og langt á haf út, að ógleymdum skriðjöklnum til beggja handa. Túnin ern mikil og slétt og eru sumpart umlukt af skógarkjarri. Gengur skógarkjarrið niður í fellsræturnar, eða niður að Skeiðará, en hún fellur í stríðum straumi fast við suðurenda fellsins.

Skammt austan við bæina gengur gil eitt mikið í fellið, er nefnist Bæjargil. Neðst í giliinu er hár foss, en neðan við hann er lítill grasi- og kjarri vaxinn hvammur, einn hinn fegursti blettur á landi hér. Í þessum hvammi er stærsta eða annað hið stærsta reyniviðartré, sem til er hér á landi*).

Það var farið að skyggja um kvöldið er við félagar klifum brattar sniðgötur utan í Skaftafellinu. Máttum við gæta okkar að villast ekki í skógarkjarrinu, því götur lágu í ýmsar áttir, og hestarnir, sem voru orðnir svangir og lúnir eftir langa dagleið, stukku sitt á hvað inn á milli runnanna. Að síðustu náðum við þó heim til bæjar og þarf ekki að spyrja að viðtökunum. Var því líkast sem við værum komnir í gamlan vinahóp, eftir langa fjarveru. Fjörugar umræður um alla heima og geima, og voru Skaftfellingar fyllilega „með á nótunum“.

Í Skaftafelli er margt karlmannna. Ef útlit þeirra svíkur ekki því meira, þá munu þeir vera tveggja til fjögurra manna makar að afli og drengskap. En sá ljóður er á, að flestir þeirra eru menn ókvongaðir, og eru þeir þó komnir vel á markaðsaldur. Ekki munu þeir þurfa að óttast hryggbrot, því auk þess að vera mannkostamenn,

*) Hitt er í Nauthúsagili undir Eyjafjöllum.

þá munu þeir og vera vel efnum búnir. Hitt mun sanni nær, að þeir sjái sér ekki alstaðar fullkosta, og væri það nokkuð að vonum.

Klukkan 6 um morguninn eftir var risið úr rekkju. Höfðum við félagar ákveðið að skreppa inn í Bæjarstaðaskóg, áður en við neyttum morgunverðar. Gerðist einn piparsveinninn, Oddur bóndi Magnússon, leiðsögumaður okkar. Héldum við svo sem leið liggur eftir krókottum götuslóðum nokkuð inn með Skaftafellinu að vestan, en síðan þvert yfir Morsárdalinn til norðvesturs, beint á Bæjarstaðaskóg. Leið sú, er við fórum, er um 6 km., en loftlínan milli Skaftafells og Bæjarstaðaskógar er um 5 km. Um Morsárdal fellur Morsá; kemur hún undan Morsárjökli. Hefir áin lagt allt undirlendi dalsins í auðn, en þrátt fyrir það er dalurinn tilkomumikill og fagur. Hlíðarnar skógivaxnar: Skaftafellsskógur í suðaustri, en Bæjarstaðaskógur í norðvestri. Fyrir dalbotninn í norðaustri lokar Morsárjökull, en í suðvestri lokar Skeiðarárjökull til hálfis fyrir dalsmynnið.

Eftir klukkustundar ferð frá Skaftafelli vorum við komnir í Bæjarstaðaskóg. Skógurinn liggur í landi Skaftafells. Er hann sennilega ekki meira en 20 ha. að stærð, en út frá honum gengur stórvaxið skógarkjarr bæði til austurs og vesturs. Trén eru aðallega birki, og eru þau óvenju beinvaxin, enda er Bæjarstaðaskógur talinn einu hinn fegursti skógur á Íslandi. Nokkur stórvaxin reyniviðartré eru þarna og til prýði.

Skógurinn liggur sunnan í brekku í 140-220 metra hæð yfir sjávarflöt.

Fullir hrifningar reikuðum við um þennan undurfagra reit. Morgunsólin sendi okkur sína hlýju geisla, og sló gullnum ljóma yfir skógivaxnar hlíðar og jökulbreiður umhverfisins. - Ósjálfrátt flugu mér í hug orð Karl Küchler's, er hann mælti, þegar hann var á ferð hjá

Stapafelli: „Wie schön bist du doch, o Welt, und welche Lust ist es, in dir zu leben“.

Við héldum upp brekkuna og vorum brátt komnir upp úr skóginum, en þá hnykkti mér skyndilega. Ég reiddi upp kreptan hnefann af gremju: Við okkur blasir breiður uppblástursgári frá norðri, sem stefnir á miðjan skóginn, og hefir þegar gert nokkurt vik í hann. Jörðin er þarna örfoka, en hér og þar liggja hálfíuín tré, er fallið hafa í valinn fyrir eyðileggingunni.

Er hörmung til þess að vita, að þessi fagri minnisvarði fortíðarinnar, sem hingað til hefir staðist allar árásir, á nú, á tímabili vaxandi þekkingar og andlegrar vakningar, að falla fyrir skeytingar- og áhugaleysi.

Pálmi Einarsson ráðunautur var með í ferðinni. Við strengdum þegar það heit, að reyna að gera eitthvað til að bjarga skóginum. Við tókum þegar á rás, annar í austur, en hinn í vestur og mættumst eftir nokkra stund fyrir neðan skóginn. Við vorum búnir að stíga lauslega ummál skógarins. Gott og vel, það þarf um 1800 m. langa girðingu, til að friða skóginn fyrir ágangi búfjár. En það þarf meira. Það þarf að hefta uppblástur tafarlaust, því ella getur skógurinn stórskemmt, eða gjöreyðilagst fyrr en varir.

Þeir mætu menn í Skaftafelli hafa góðan skilning á þessu máli, en hér þarf töluvert fjárframlag, sem eigi verður krafist, að þeir láti af hendi rakna, því hér er um metnaðar og menningarmál að ræða, sem allri þjóðinni viðkemur, en ekki um gróðafyrirtæki. Hér þurfa þrír aðilar að vinna saman. Ef Skaftafellsbændur legðu til skóginn, annaðhvort ókeypis, eða gegn vægu verði, ríkið legði til girðinguna og varnir gegn uppblæstri og Skógræktarfélag Íslands tæki að sér umsjón með skóginum, þá væri þetta mál komið í rétta höfn, og yrði öllum hlutaðeigendum til hins mesta sóma.

Ýmsir langferðamenn hafa lagt leið sína um bæjar-

staðaskóg. Hafa sumir þeirra þakkað skóginum viðtökurnar með því að skera fangamark sitt á börk trjáanna. Ég t. d. kannaðist við fangamark nokkurra manna úr Reykjavík. Nú geri ég ráð fyrir, að þessir menn hafi ekki ætlað sér að valda trjánum varanlegum skaða, en aðeins framið þessa ónærgætni í hugsunarleysi. og því skulu nöfn þeirra eigi birt hér. Einn þessara manna hefir líka að vissu leyti bætt fyrr brot sitt, með því að gerast æfifelagi Skógræktarfélags Íslands, og gefið þar með gott fordæmi.

Að endingu vildi ég óska þess, að þessi fagri og merkilegi skógur yrði friðaður og verndaður ókomnum kynslóðum til handa, að hann yrði gerður að sælureit, er heimsóttur yrði af framsæknum gestum, er þangað kæmu til að strengja ný heit, landi og lýð til blessunar, og að þangað mættu sem flest brúðhjón landsins leggja leið sína, og vinna þar það heit að „glæða vel þann neista, sem liggur inst“.



Úr Bæjarstaðaskógi.

Aðalreikningur

Skógræktarfélags Íslands 1932.

TÖKKJUB:			
1930	A. Greidd ársgjöld	Kr.	483.56
	B. — æfingjöld	—	504.40
	C. — gjafir	—	81.10
			712.06
1931:	A. Greidd Ársgjöld	Kr.	211.40
	B. — æfingjöld	—	1244.40
	C. — gjafir	—	78.00
			1433.80
1932:	A. Greidd Ársgjöld	Kr.	140.02
	B. — æfingjöld	—	1184.03
	C. — gjafir	Kr.	150.00
			1474.05
Fra Ríkisskoti			8044.10
Lætur af gjöf frá Ameríku			177.95
Endurgjöld frá V. H.			52.10
Væðir af alm.			101.50
Væðir af lúmskeða			13.78
Féittæki hjá gjöldkera			5.54
			Kv. 1724.11

GJÖLFAR:			
I. Stofnsestaður:			
	A. Á Dagstöðum	Kr.	228.20
	B. Pappir, prentun o. fl.	—	168.48
	C. Ymsa gjafir	—	372.29
			1571.41
II. Hekistættastættur:			
	A. Laun og ferðagjöld Hjúkara		
	— Birtason	Kr.	603.46
	B. Keypt útbúð	—	77.40

Stjórn.

Varamenn:

H. J. Hólmjárn verksmiðjustj. Valtýr Stefánsson ritstjóri.
M. Júl. Magnús læknir. Ásgeir L. Jónsson verkfr.
Jón Ólafsson alþingismaður. Pétur Halldórsson alþm.
Sig. Sigurðsson búnaðarmálastj. Árni G. Eylands ráðunautur.
Einar Árnason alþingismaður. Pálmi Einarsson ráðunautur.

Heiðursfjelagar.

Sandwall, Fr., rector, Svíþjóð.

Æfifjelagar.

Ágúst H. Bjarnason prófessor, Rvík.	Magnús Friðriksson frá Staðarfelli, Stykkishólmi.
Guðm. J. Hoffell óðalsbóndi, Hoffelli.	Magnús Kjaran stórkaupmaður, Rvík.
Guðm. Bjarnason klæðskeri Rvík.	Ólafur Johnson stórkaupmaður, Rvík.
Halldóra Ólafs kaupkona, Rvík.	Óli Vilhjálmsson forstjóri, Kaupmannahöfn.
Henry Bay ræðismaður, Rvík.	
Hermann Jónasson lögreglustjóri, Rvík.	Oddný Sigurjónsdóttir kenslukona, Rvík.
H. J. Hólmjárn verksmiðjustjóri, Rvík.	Pjetur Halldórsson bóksali, Rvík.
Jakobína Guðmundsdóttir frú, Rvík.	Sigurjón Jónsson hjeraðslæknir, Dalvík.
Jón Björnsson stórkaupmaður, Rvík.	Samúel Pálsson, Bildudal.
Jón Guðmundsson endurskoðandi Rvík.	Sigurður Fjeldsted óðalsbóndi, Ferjukotí.
Jón Ólafsson bankastjóri, Rvík.	Stefán Sandholt bakarameisteri, Rvík.
Kr. Ó. Skagfjörð stórkaupmaður, Rvík.	Steingr. Steinþórsson, skólastj. Hólum.
Ludvig Kaaber bankastjóri, Rvík.	Þorsteinn Sch. Thorsteinsson lyfsali Reykjavík.
M. Júl. Magnús, læknir, Rvík.	

Ársfjélagar.

(Ártölin aftan við nöfnin sýna hvaða ár hefur verið greitt fyrir síðast).	Björn Jónsson, Grófin, Rvík, 32.
	Björn Jónsson, Bæ, Skagaf., 31.
Aðalbj. Sigurðardóttir ritstj., Rvík, 30.	Björn Lárusson, Ósi, Akranes, 30.
Aðalsteinn Dýrmundsson, Stóruborg 30.	Björn Sigfússon stud. mag., Rvík, 32.
Ágúst Andrjesson, Hemlu 30.	Búnaðarfélag Grímsneshr., 32.
Anna Friðriksson frú, Rvík 32.	— — Patreksshr., 32.
Arngrímur Kristjánsson kennari, Rvík 32.	— — Súðavíkurlr. 30.
Árni Sigurðsson, prestur, Rvík 32.	Böðvar Jónsson, Brekkukot, 31.
Agnar Johnson, Rvík 32.	Chr. J. Rasmus, Rvík, 32.
Ari Gíslason, Rvík 32.	Dýrfinna Gunnarsdóttir, frú, Vestmannaeyjum, 31.
Árni G. Eylands ráðunautur, Rvík 32.	Eggert Levy hreppstjóri, Ósar, 30.
Árni Sveinsson, Kálfsstöðum 32	Egill Sigurðsson, Máná, 30.
Árni A. Þorkelsson, Sauðárkrókur 32.	Einar Helgason, garðyrkjustj., Rvík, 31.
Ársæll Magnússon, Rvík 32.	Einar Jónsson alþingismaður, Geldingalæk, 32.
Ásgeir Jónsson, Gottorp 30.	Einar Eyjólfsson, Rvík, 31.
Ásgeir L. Jónsson verkfræðingur, Rvík 32.	Elín Sigurjónsdóttir hjúkrunarkona, Rvík, 32.
Ásm. Guðmundsson docent Rvík 32.	Eiríkur Einarsson, lögfræðingur, Rvík, 31.
Benedikt Guðjónsson, Moldhaugar 30.	Erlendur Pjetursson, Rvík, 32.
Benedikt Jónsson, Auðnum 30.	Erlingur Jóhannsson, Arnarnesi, 31.
Bjarni Bjarnason skólastjóri, Laugarvatni 30.	Finnhogi Magnússon, Reynisdal, 30.
Bjarni Sigurðsson, Vigur 31.	Friðrik Hjartar, skólastjóri, Siglufirði, 32.
Björgvin Vigfússon sýslumaður, Efra-Hvoli 32.	Friðrik Þorvaldsson hafnarvörður, Borgarnesi, 30.
Björn Eiríksson, Tjarnarkot, 30.	Friðgeir Sigurðsson, bryti, Rvík, 32.
Björn Jónasson, Kjarvalstöðum 31.	Friðþjófur Johnson, Rvík, 32.

- Georg Ólafsson bankastjóri, Hákón Guðmundsson, Stóra-Rvík, 32. Hofi, 30.
- Gisli Guðmundsson, ritstjóri, Hálf dán Jakobsson, Mýrarkot, Rvík, 31. 30.
- Gisli Kristjánsson búfr., Hjálmholti, 31. Hálf dán Halldórsson, Viðey, 30.
- Gisli Sæmundsson, Ögri, 31. Halldór Hansen læknir, Rvík, 31.
- Guðbjörn Guðmundsson, prentsmiðjustj., Rvík, 30. Halldór Sigfússon, endurskoðandi, Rvík, 32.
- Guðgeir Jóhannsson kennari, Rvík, 32. Halldóra Bjarnadóttir kenslukona Rvík, 32.
- Guðjón Jónsson Tunga, 32. Hallgrímur Jónsson, Akureyri, 30.
- Guðjón Jónsson, Ási, 30.
- Guðjón Samúelsson próf., Rvík, 32. Hannes Jóhannesson Hafnarfirði, 31.
- Guðmundur Erlendsson, Núpi, 30. Hannes Johnson, Esjuberg, Rvík, 32.
- Guðm. Guðmundsson, Þorfinnsstaðir, 30. Hannes Jónsson dýralæknir, Rvík, 31.
- Guðm. Hannesson, bæjarfógeti, Siglufjörður, 31. Haraldur Sigvaldason, Hnifsdal, 30.
- Guðm. Jónss. kennari, Hvanneyri, 31. Helga Johnson, Esjuberg, Rvík, 32.
- Guðm. Jóh. Jónsson, Grófin, Rvík, 32. Helgi Benónýsson, Vestmannaeyjum, 31.
- Guðm. Jósafatsson, Brandsstaðir 30. Helgi Hannesson ráðunautur, Sumarliðabæ, 30.
- Guðm. Tryggvason, Stóruborg, 30. Helgi Jónasson læknir, Stórólshvoli, 30.
- Guðrún Johnson frú, Esjuberg, Rvík, 32. Helga Kaaber frú, Rvík, 32.
- Gunnar Jónsson, Grófin, Rvík, 32. Helgi Sigurðsson verkfræðingur, Rvík, 32.
- Gunnar Runólfsson, Rauðalæk, 30. Helgi Sigtryggsson, Hallbjarnarstaðir, 31.
- Gunnar Sigurðsson, lögfræðingur, Rvík, 32. Hjörtur Hansson, kaupmaður, Rvík, 31.
- Gunnlaugur Gunnlaugss., Rvík, 31. Hólmfriður Árnadóttir, Rvík, 30.
- Gústaf A. Sveinsson, lögfr., Rvík, 31. Hólmfriður Þorláksdóttir, frú, Rvík, 33.
- Gyða Valdemarsson frú, Rvík, 32. Huxley Ólafsson, Þjórásartúni, 32.

- Hörður Jónsson, Grófin, Rvík, 32.
Höskuldur Baldvinsson, Rvík, 32.
Jakob Lindal, Lækjamóti, 31.
Jens Eyjólfsson byggingameistari, Rvík, 31.
Inga Ólafsdóttir frú, Rvík, 31.
Ingi Gunnlaugsson, Vaðnesi, 32.
Ingvald Skelderup, Gamlenshøj, Norge, 30.
Joh. Fr. Kristjánsson, byggingameistari, Rvík, 31.
Jóhannes Björnsson, Hofstaðir, 31.
Jóhannes Erlendsson, Efra-Hvoli, 32.
Jón Þ. Björnsson, Sauðárkrók, 31.
Jón Helgason prófessor, Kaupmannahöfn, 30.
Jón Kristjánsson, Akureyri, 30.
Jón Pálmason, Akri, 32.
Jón Þorsteinsson, fleikfimmiskennari, Rvík, 32.
Jónas Björnsson, Gufunesi, 32.
Jónas Ólafsson, Svarfhóli, 32.
Jósef J. Björnsson, kennari, Hólum, 31.
Ísak Eiríksson, Ási, Holtum, 30.
Július Magnússon, Rvík, 33.
Karl Kr. Arngrímsson, Veisu, 31.
Karl Pedersen, Rvík, 32.
Kári Sigurjónsson, Hallbjarnarstaðir, 30.
Kaupfélag Rauðsendinga 32.
Konráð J. Kristinsson, Rvík, 32.
Kristinn Guðlaugsson, Núpi, 31.
Kristinn Guðmundsson, bústj., Lágafelli, 31.
Kristján Albertsson rithöfundur, Rvík, 32.
Kristján Davíðsson, Neðri-Hjarðardal, 32.
Kristján L. Gestsson, Rvík, 31.
Kristján Jakobsson, Narfa-stöðum, 31.
Kristján Jónsson, Garðsstöðum, 30.
Lárus H. Bjarnason, hæstarj.-dóm., Rvík, 32.
Lilja Sigurðardóttir, Viðivöllum, 32.
Lúðvik Jónsson, búfr. cand. Rvík, 32.
Magnús Helgason fyrv. skólastj., Rvík, 32.
Magnús Þorsteinsson, Rvík, 31.
Marteinn Steindórsson, Rvík, 32.
Nanna H. Ágústsdóttir, Grófin, Rvík, 32.
Nikulás Einar Þórðarson, Vatnshól, 30.
Njáll Friðbjörnsson, Sandhólar, 30.
Oddur Ólafsson, ráðsmaður, Rvík, 31.
Ólafur Benediktsson, Rvík 30.
Ólafur Bergsteinsson, Árgilsstaðir, 30.
Ólafur Bjarnason, Brautarholt, 32.
Ólafur Ó. Lárusson, læknir, Vestmannaeyjum, 32.
Ólafur Ólafsson, Lindarbæ, 30.
Ólafur Ólafsson, yngri, Lindarbæ, 32.
Ólafur H. Sveinsson, Eskifirði, 30.

- Ólafur Sigurðsson, Hellulandi, 32.
Ólafur Ágúst Theill, Rvík, 30.
Ólafur Þórarinnsson, kaupfélagsstjóri, Patreksfirði, 32.
Ólafur Þorgrímsson, lögfr., Rvík, 32.
Olga Hejnæs, Rvík, 32.
Óskar Einarsson læknir, Flat-eyri, 32.
Ósvaldur Knudsen, Rvík, 32.
Páll Bjarnason skólastj., Vestmannaeyjum, 31.
Páll Björgvinsson, Efra-Hvoli, 32.
Páll Pálsson, Hnífsdal, 31.
Páll Pálmason, fulltrúi, Rvík, 31.
Pálmi Hannesson skólastj., Rvík, 31.
Pjetur Þ. J. Gunnarsson, stórkaupmaður, Rvík, 31.
Pjetur Hannesson, Sauðárkrók, 32.
Pjetur Ingimundarson, slökkviliðsstjóri, Rvík, 32.
Pjetur Johnson, Esjuberg, Rvík, 32.
Pjetur Pálsson, Hofi, Hnífsdal, 31.
Rönning C. verkfr., Rvík, 32.
Sigfús Sigurhjártarson guðfr., Rvík, 30.
Sigurður Arngrímsson, ritstj., Seyðisfirði, 30.
Sigurður Sigurðsson, búnaðarmálastj., Rvík, 31.
Sigurður Tómasson, Barkarstaðir, 30.
Sigurður Þórðarson, Nautabúi, 31.
Sigurjón J. Ósland, Hvalnesi, 30.
Sigbrúður Jónsdóttir, Grófin, Rvík, 32.
Simon Sveinbjörnsson skipstj., Rvík, 31.
Snorri Sigfússson skólastj., Akureyri, 32.
Solveig Guðmundsdóttir, Rvík, 32.
Stefán Runólfsson, Rvík, 32.
Stefán Vagnsson, Hjaltastöðum, 30.
Svanfriður Hjartardóttir, Rvík, 32.
Thor Thors, lögfr., Rvík, 31.
Úlfar Jónsson, Grófin, Rvík, 32.
Una Sigtryggisdóttir hjúkrunkona, Rvík, 32.
U. M. F. Hekla, Rangárvöllum, 31.
U. M. F. Vestri, Kollsvík, 32.
Valdemar Jónsson, Álphólum, 30.
Valdemar B. Valdemarsson, Hnífsdal, 30.
Valtýr Albertsson læknir, Rvík, 32.
Valtýr Stefánsson ritstj., Rvík, 31.
Vigfús Helgason kennari, Hólum, 31.
Þór Vilhjálmsson, Bakka, 32.
Þóra Pjetursdóttir, Hrólfskála, 31.
Þórarinn Kr. Eldjárn, Tjörn, 32.
Þórarinn Snorrason, Bjarnastaðir, 30.
Þorbjörg Þorkellsdóttir, Laugarvatni, 30.
Þórður J. Thoroddsen læknir, Rvík, 31.

- | | |
|--|--|
| Þórir Guðmundsson kennari, Hvanneyri, 31. | Þóroddur Guðmundsson kennari, Reykjum, 30. |
| Þorkell Jóhannesson bóka-vörður, Rvík, 32. | Þorsteinn Gíslason ritstj., Rvík, 32. |
| Þorlákur Ófeigsson kennari, Rvík, 31. | Þuríður Halldórsdóttir, Fljóts-hólum, 30. |
| Þorleifur Erlendsson, Jarð-langstúðum, 30. | Örn Johnson, Esjuberg, Rvík, 32. |



*Tré, sem menn hafa drepið, með því að rista af
því börkinn.*



*Eitt af hæztu trjám í Vaglaskógi, 9 m
að hæð og 14,5 cm að gildleika í
brjósthæð (1.3 m).*



*Svona skilja sumir skógagestir við matstaði sína.
„Til þess eru vítin að varast þau“.*

*Þegjast mitt minni og fjölskið meðlimum
Skógræktarfélags Íslands.*

*Vér gæðumst þess að verða með-
limir Skógræktarfélags Íslands.*

Nafn og heimili: *Þessi* *Stjóri*

Nafn þess sem sannað hefir.

Allskonar byggingavörur

ávallt fyrirleggjandi.

Bestu gærðyrkjuverktærin

fáð þær hjá okkur.

Þannanir afgreiddar gegn postkæðu um lund ult.

Verslunin KATLA

Stíll 2872

LAUGAVÍG 22

Sm. Katla

Heldals.

Smásta.

Ljúblöð. — Brýn. — Ljálr.

Sem að undanfarna höfum við nú fengið í ár Ljúblöðin frægu með fílsmörkinu frá W. Tynan & Sons & Turner Ltd. Sheffield, einnig Kværnlands ljúna morsku, sem hafa nú mikilli leyli öðra góðra sláttumanna, sem tegni hafa Carborundum og gamla Finnish Pound höfnin eru og fyrirleggjandi. Brúspönn, Hæð, klöppur, Steðjar, Höfjaðeir, Skóflur, Kvíslar, Ristuspönn, Sæmur, Hóbuglar, Kítt og víðirleis allar umspjávur til handhúsaðar og byggingu fyrirleggjandi.

Járnvörudæld Jös Zimsen.

Prýðið heimilin. —

Gróðursetjið tré. —

Blómaverslunin Flóra hefur ávallt fyrirleggjandi leiðgjafi til gróðursetningar, af öllum þeim trategundum sem best þrífast hér á landi.

Trjáplöntur skila upp í gæðræktarstöðinni í Þugrohvannum af öllum, lerkilei, groni, reyni og lírki af íslensku fræ höfum við nú áttur.

Komið áu heingif áður en heigðirnar þjafa.

Blómaverslunin FLÓRA

Vesturgötu 17, sími 2039.

Efnisyfirlit.

Skógræktarfélagið. Erindi eftir Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóra.....	bls. 1
Fjárhagur og framtíðarstarfsemi Skógræktarfélags Ís-	
lands. Eftir M. Júl. Magnús	- 7
Skógræktarmál. Eftir Hákon Bjarnason	- 11
Bæjarstaðaskógur. Eftir Ásgeir L. Jónsson	- 14
Aðalreikningur Skógræktarfélags Íslands 1932	- 20
Eignareikningur Skógræktarfélags Íslands pr. 20. okt. 1932	- 21
Stjórn. Heiðursfélagar. Æfifélagar	- 22
Ársfélagar	- 23
Myndir	28 29 og 30

Key-
vinnu-
vélar.



Grasla er kortá, velstí
vælar beivinnuvélar —
Harkúfu- sláttuvélar,
Deering rakstrárvélar,
Luxa snúningsvélar,
— Þú verðst þjer áungull.
SAMRANG IRÍ, SAMVINNUFÉLAGA.

Blóm og Ávextir

Hafnarstræti 5.

Sími 2717.

P.O. Box 941.

Finc. Blómulaukur. Plöntur. Afþakris blóm
send hvert sem en, á laublauk (pfi) sem innan.
Kannar ór blandi blóum og tilhönum blóm-
um.

Avætt mikið árval af snækklegum keramik-
vörum.

Vörur sækir um allt land ogn þesskiðfa.



H.f. Svanur

Lindargötu 14 — Reykjavík

1410 (3 flöng)

Smjörlikisgerð Efnagerð -- Kaffibrennsla

Fremuleðir:

SVANA-SMJÖRLÍKI

SVANA-JURTAFEITI

SVANA-LYFTIDUFT, alskömur hryðufurur í
pökum, þögg, kastarhló, berðuból o. fl.

SVANA-KAFFI (Mokka- og físa-til) brennt
og mælt.

LEIÐS-KAFFI (Rúskaffi), brennt og mælt.
Markmið verið er: að fremleidda eina góðar
vinnu og aðgættu sé, að selja fremleidda vörur
úr votar við svo virgu verði, sem frekast er
munt.

Leitið tilboða bjá okkur.

Hafastigum

Reykjavík, 14. 11. 1914

